

AUGLÝSING

um viðbót við fyrirvara við e-lið 10. mgr. fylgiskjals með alþjóðasamningi um stjórnun hvalveiða.

Hinn 10. október 2002 var bandaríska utanríkisráðuneytinu afhent viðbót við fyrirvara Íslands við e-lið 10. mgr. fylgiskjals með alþjóðasamningi um stjórnun hvalveiða frá 2. desember 1946, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/2001, þar sem samningurinn er birtur, og 27/2002. Í viðbótinni felst að auk þeirra skuldbindinga sem fram koma í fyrri viðbót við fyrirvarann, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 27/2002, skuldbinda íslensk stjórnvöld sig til að heimila ekki íslenskum skipum að stunda hvalveiðar í atvinnuskyni fyrir 2006.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. nóvember 2002.

Haldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.